

# Áfangalýsing - heimspeki



## Framhaldsskóli

Menntaskóli Borgarfjarðar

## Námsgrein/ Lýsandi nafn á áfanga

HEIM2IH04 Heimspeki

## Fjöldi framhaldsskólaeininga (fein)

(á ekki við)

## Undanfari

inngangur að siðfræði

## Lýsing á efni áfangans:

Markmiðið er að nemendur öðlist skilning á helstu hugtökum og viðfangsefnum heimspekinnar og nokkra færni í beitingu þeirra. Byrjað verður á heillislíkingu Platóns, farið yfir draumarök Descartes og billjarðkúlur Humes, auk hugmynda Kants um nauðsyn þess að þora að hugsa sjálfstætt. Hugað verður að gagnrýni póstmóðernista á vísindahyggju og algildan sannleika og viðbrögðum vísindamanna við meintu tiskubulli og gervivísindum.

## Kennslugögn:

Heimspekisaga eftir Gunnar Skirbekk og Nils Gilje; gögn frá kennara

## Námsmat:

Ýmis verkefni (70%); drög að lokaritgerð (10%); lokaritgerð (20%)

Lokamarkmið áfanga:

**Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á :**

- helstu kenningum í heimspeki
- muninum á skoðun og þekkingu
- muninum á afleiðslu- og aðleiðsluaðferð
- vísindalegri aðferð
- gagnrýni á vísindahyggju

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- lesa þekkingarfræðilegt efni til skilnings
- beita hugtökum eins og aðleiðslu og afleiðslu skilmerkiega
- útskýra heimspekilegan texta með sínum eigin orðum
- setja fram spurningar og taka þátt í heimspekilegri umræðu
- tjá heimspekiþekkingu sína á munnlegan og skriflegan hátt

**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- fjalla um rökhyggju og raunhyggju á gagnrýninn hátt sem er metið með umræðum og verkefnum úr lesefni áfangans
- taka þátt í gagnrýninni samræðu um heimspekilegt efni sem er metið með umræðum og verkefnum um málefni líðandi stundar
- skrifa heimspekiritgerð um tiltekið efni sem er metið með heimildaritgerð skv. akademískum kröfum
- vinna sjálfstætt og í samvinnu við aðra á gagnrýninn og lýðræðislegan hátt sem er metið með einstaklings- og hópaverkefnum